

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 202/2012

2013/EES/6/12

frá 26. október 2012

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (endurútgefin) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 744/2010 frá 18. ágúst 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, að því er varðar neyðarnotkun á halóni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 291/2011 frá 24. mars 2011 um óhjákvæmilega notkun á takmörkunarskyldum efnum í Sambandinu, öðrum en vetnisklórflluorkolefnum fyrir rannsóknarstofur og til efnagreininga, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1005/2009 fellur úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 5) Með fyrirvara um síðari umfjöllun sameiginlegu EES-nefndarinnar ber að hafa í huga að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2008 frá 23. apríl 2008 um tollalög Bandalagsins – tollalög færð til nútímahorfs ⁽⁵⁾ hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn. Vísanir í þessa reglugerð gilda því ekki.
- 6) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 21aa (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000) hljóði svo:

„**32009 R 1005**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (endurútgefin) (Stjtíð. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32010 R 0744**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 744/2010 frá 18. ágúst 2010 (Stjtíð. ESB L 218, 19.8.2010, bls. 2).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Vísanir í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2008 frá 23. apríl 2008 um tollalög Bandalagsins – tollalög færð til nútímahorfs gilda ekki.
- b) Ákvæði 4. mgr. 8. gr. og stafl. b) í 5. mgr. 8. gr. gilda ekki.
- c) Orðin „magníð, eftir því sem við á, innan hvaða tímabils undanþágan gildir og hvaða notendur geta nýtt sér þetta ákvæði um óhjákvæmilega notkun á rannsóknarstofu og við greiningar“ í 2. mgr. 10. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-rikin.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 218, 19.8.2010, bls. 2.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 79, 25.3.2011, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtíð. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 1.

- d) Ákvæði 6. mgr. 10. gr. gilda ekki.
- e) Orðin „nema ákvæði 6. mgr. 10. gr.“ bætist við á eftir orðunum „[á]kvæði 3.–7. mgr. 10. gr.“ í 2. mgr. 11. gr.
- f) Ákvæði 5. mgr. 11. gr. gilda ekki.
- g) Ákvæði 1., 3. og 4. mgr. 14. gr. gilda ekki.
- h) Ákvæði IV. kafla gilda ekki.
- i) Ákvæði sem varða innflutning og útflutning í 24. gr. gilda ekki.
- j) Ákvæði 27. og 28. gr. gilda ekki.

EFTA-ríkin skulu, á landsvísu, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að samsvarandi ákvæðum Montreal-bókunarinnar og að samsvarandi ráðstöfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009.“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21aa (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009):

„21aaa. **32011 R 0291**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 291/2011 frá 24. mars 2011 um óhjákvæmilega notkun á takmörkunarskyldum efnum í Sambandinu, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum fyrir rannsóknarstofur og til efnagreininga, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (Stjtið. ESB L 79, 25.3.2011, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1005/2009, (ESB) nr. 744/2010 og (ESB) nr. 291/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.